



1637. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
10.1.2018, kl. 11:00

1. Fundargerð 1636. fundar

Samþykkt.

2. Skautahöllin

Drög að samningi við Reykjavíkurborg yfirfarin, umræður.

3. Þróttur – aðstöðumál

Félagið hefur áhyggjur af sínum málum m.a. vegna annarra viðburða í Laugardalshöll. Afstaða ÍBR að það þurfi að skoða aðstöðumál í dalnum með heildstæðum hætti, vantar slíka stefnu. Starfsfólk ÍBR yfirfer tímanotkun í Laugardalshöll m.t.t. samnings þar um. Samþykkt eftirfarandi áskorun:

„Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur fór á fundi sínum yfir vanda Knattspyrnufélagsins Þróttar varðandi aðstöðumál, sérstaklega aðgang að æfingum í íþróttahúsum, en í dag er stærstur hluti inniæfinga Þróttar í Laugardalshöll. Þar falla æfingar mikið niður vegna ýmissa viðburða þannig að erfitt er að halda samfellu í starfi félagsins. Búið er að benda á þennan vanda í langan tíma og nú er svo komið að ekki verður við unað lengur. Stjórn ÍBR hvetur borgaryfivöld til að vinna að lausn í þessum málum bæði til skemmri tíma og til framtíðar. ÍBR er tilbúið til að vinna með að úrlausn málsins.“

4. Alþjóðaleikar ungmenna

Verða í Jerúsalem þetta ár. Umræður, samþykkt að taka ekki þátt í leikunum í ár m.a. að teknu tilliti til öryggissjónarmiða, óvissu um þátttöku íþróttafólks og kostnaðar.

5. Ungmennaráð ÍBR

Drög kynnt. Samþykkt að haldin verði málstofa í tengslum við RIG þar sem málin verða rædd frekar.

6. Formannafundur ÍBR

Frestað til næsta fundar.

7. Fundur um stefnu fyrir mannvirkjauppbyggingu í Reykjavík

Frestað til næsta fundar.

8. Lífeyrissjóðurinn Brú

Lagt fram og rætt. Afgreitt á næsta stjórnarfundum.

9. Aðildarumsókn Knattspyrnufélagsins Katta

Lögð fram, fer í hefðbundinn farveg.

10. Önnur mál

Ekkert rætt undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 12:00

Gígja Gunnarsdóttir, ritari